

Svör fræðsluráðs við fyrirspurnum foreldraráðs leikskóla Hafnarfjarðar um fræðslu og þjálfun fyrir nýtt starfsfólk í leikskólum Hafnarfjarðar

Í bréfi dagsettu 23. apríl 2013 lagði formaður Foreldraráðs leikskóla Hafnarfjarðar fram fyrirspurn í fjórum liðum um fræðslu og þjálfun fyrir nýtt starfsfólk í leikskólum Hafnarfjarðar.

1. Hvernig er staðið að þjálfun nýrra starfsmanna?

Svar: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar býður nýjum starfsmönnum á sérhæft námskeið um slysavarnir barna á hverju hausti í umsjón Herdísar Storgaard. Auk þessa námskeiðs er nýjum starfsmönnum boðið að sækja námskeið þar sem aðalnámskrá leikskóla og lög um leikskóla eru kynnt. Einnig er fjallað um umönnun ungra barna á námskeiðinu sem og samskipti milli barna og barna, barna og starfsmanna og starfsmanna og foreldra. Umsjón þessa námskeiðs er í höndum menntanefnd Kragans og koma margir kennarar að því. Þessi námskeið hafa ekki nýst nýju starfsfólki sem skyldi þar sem aðstæður í leikskólunum hafa komið í veg fyrir það, svo sem vegna manneklu. Að mati leikskólustjóra telja þeir það hæpið að fjárfesta í menntun starfsmanna sem ætla að starfa í stuttan tíma. Þeir leggja til að nýir starfsmenn fái ekki fastráðningu nema að þeir sækji ákveðin skyldunámskeið en leggja áherslu á að námsefnið fari þá fram utan daglegs vinnutíma.

2. Hver sér um þjálfun nýrra starfsmanna?

Svar: Leikskóla-, aðstoðarleikskóla- og deildarstjórar sjá um þjálfun og fræðslu nýrra starfsmanna samkv. ákveðinni móttökuáætlun sem þeir reyna að fylgja, sjá í fylgiskjali.

3. Hefur bæring stefnu til að styðja við nýja starfsmenn í leikskólum Hafnarfjarðar?

Svar: Já í skólastefnu Hafnarfjarðar frá 2009 á bls. 14 kemur fram að starfsþjálfun í skólum eigi að miða að því að virkja hæfileika starfsfólks til að takast á við skólaþróun á faglegan hátt og í samræmi við samfélagslegar þarfir. Unnið verði samkvæmt mannauðsstefnu bæjarins með áherslu á sérstöðu skóla þar sem starfsfólk fræðsluviðs fái markviss tækifæri til að vinna saman og styðja hvert annað í starfi. Leiðirnar að því er að starfsfólk stofnana fræðsluviðs hafi aðgang að símenntun og stuðningi til að ná starfsmarkmiðum sínum og stofnananna, í nánu innbyrðis samhengi og að unnið verði markvisst að því að bæta við menntunarstig starfsmanna til að mæta nýjum lagakröfum. Í auknum mæli verði ófaglært starfsfólk eftt í starfi og stutt til að afla sér fagmenntunar á sviði uppeldis- og kennslumála.

Í mannauðsstefnu bæjarins kemur einnig fram á bls. 3 að það eigi að tryggja að nýráðnir starfsmenn kynnist starfinu, starfsvenjum, samstarfsfólki og skipulagi bæjarins og það verði gert með því að þróa móttökufærli fyrir nýja starfsmenn og nýliðaáætlun sem auðveldar nýjum starfsmönnum að ná tókum á starfinu og falla í hópinn.

4. Hvaða leiðir fara leikskólustjórar til að þjálfva og fræða nýtt starfsfólk um starfið.

Svar: Sjá fylgiskjal

Tekið saman 6. maí 2013

Sigurborg Kristjánsdóttir, þróunarfulltrúi